

Nr. 080 / 12 Náttfari**Vélarbilun**

Skipaskr.nr. 0993
Smíðaður: Stykkishólmi 1965 eik
Stærð: 60,4 brl. 57 bt.
Mesta lengd: 22,97 m Skráð lengd: 20,5 m
Breidd: 5,28 m Dýpt: 2,7 m
Vél: Cummins 301 kW 2001
Fjöldi skipverja: 3
Fjöldi farþega: 12

Gögn:
Gögn RNS



Náttfari©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 29. október 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 27. júní 2012 var farþegaskipið Náttfari á skemmtisiglingu með farþega á Skjálfandaflóa. Veður: Logn

Á siglingunni veitti skipstjóri því athygli að vatnshitamælirinn hafði stigið upp í eitt hundrað gráður og var vélin strax stöðvuð. Í ljós kom að verulegt magn kælivatns vantaði á vélinar þar sem hosa í kælikerfinu hafði sprungið og kælivökvinn lekið út.

Skipstjóri lét vita í land og var björgunarbáturinn Jón Kjartansson sendur til að taka farþegana til Húsavíkur. Farþegabáturinn Bjössi Sör var sendur til að draga Náttfara en eftir stutta siglingu tókst að ræsa vélinar að nýju og var skipinu siglt til hafnar.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.